

FUM, Annar undirbúningsfundur með samstarfsaðilum vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu um Menntastefnu á vegum FUM vorið 2018

10. október 2017 kl. 15–16

#### **Fundinn sátu:**

Fulltrúar stjórnar FUM:

- Kolbrún Pálsdóttir formaður
- Birna María Svanbjörnsdóttir (HA) (í gegnum skype)
- Guðlaug Erlendsdóttir
- Guðrún Ragnarsdóttir

Fulltrúar hagsmunaaðila:

- Atli Harðarson (MVS)
- Svandís Ingimundardóttir (Sambandi íslenskra sveitarfélaga)
- Svanhildur Ólafsdóttir (form. Skólastjórafélags Íslands)
- Einar Hrafn Árnason (varaformaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema, SÍF)
- Hildur Sif Björgvinsdóttir framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra framhaldsskólanema

**Efni fundar:** Fara yfir drög að málstofukalli, finna heppilega dagsetningu fyrir ráðstefnuna og koma með hugmyndir að aðalfyrirlesara.

Kolbrún setti fundinn og bauð fólk velkomið. Hún greindi lítillega frá síðasta fundi en á þessum fundi höfðu bæst í hópinn fulltrúar nemenda. Hún lagði til að rædd yrðu markmið og áherslur í drögum að málstofukalli sem send höfðu verið út fyrir fundinn.

Umræðupunktur:

- Skerpa fókusinn í málstofukallinu
- Orðalag og merking hugtaka
- Merking hugtaksins menntastefna
- Líta bæði til nútíðar og framtíðar
- Gæta að samræmi milli spurninga og þema - hugsanlega sleppa spurningum
- Mikið álag á framhaldsskólanemendur í þriggja ára námi og því velt upp hvort stytting námsins stuðlaði að velferð nemenda. Talið var mikilvægt að fá umræðu um menntastefnu og velferð nemenda
- Mikilvægi frumkvæði og forystu í skólum. Bæta því við sem einu þema

Kolbrún gerði tillögur að breytingum í málstofukallinu á fundinum í samræmi við umræðuna.

Í sambandi við erlenda fyrirlesara er hagkvæmt ef hægt er að fá einhvern sem er á landinum í öðrum erindagjörðum. Hugsanlega Pasi Sahlberg sem er að vinna með Reykjavíkurborg. Hann er líka vel þekktur meðal kennara og er góður fyrirlesari. Fundargestir voru beðnir að leggja höfuðið í bleyti varðandi aðalfyrirlesara og senda hugmyndir til Kolbrúnar.

Vangaveltur voru um dagsetningu ráðstefnunnar og niðurstaðan var sú að líklega væru 14. eða 16. maí heppilegastir. Stjórn FUM var falið að ákveða endanlega dagsetningu. Rætt var um fjármögnun ráðstefnunnar, m.a. kostnað við erlenda fyrirlesara. Ljóst er að sækja þarf um styrki eigi að bjóða erlendum fyrirlesara.

Næsti fundur FUM verður í byrjun nóvember. Dagsetning auglýst síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.00.

Birna Svanbjörnsdóttir, ritari